Akureyrarbær

Öldungaráð - 26 - Fundargerð

26. fundur
miðvikudaginn 15. febrúar 2023 kl. 13:00 – 14:30
Fundarsalur á 1. hæð í Ráðhúsi

Nefndarmenn
Hjálmar Pálsson formaður
Hildur Brynjarsdóttir
Brynjólfur Ingvarsson
Hallgrímur Gíslason fulltrúi EBAK
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir fulltrúi EBAK
Þorgerður Jóna Þorgilsdóttir fulltrúi EBAK
Eva Björg Guðmundsdóttir fulltrúi HSN

Starfsmenn
Bjarki Ármann Oddsson rekstrarstjóri ritaði fundargerð
Halla Birgisdóttir Ottesen forstöðumaður tómstundamála

---

1. Lýðheilsuátak - tilraunaverkefni 2022-2023
2022101039

Ellert Örn Erlingsson forstöðumaður íþróttamála og Héðinn Svarfdal Björnsson verkefnastjóri lýðheilsumála kynntu stöðuna á lýðheilsukortinu.

Öldungaráð þakkar Ellert og Héðni fyrir kynninguna og leggur til að tilraunaverkefnið verði framlengt og hvetur íbúa til að nýta sér kosti lýðheilsukortsins.

2. Virk efri ár
2022081092

Ellert Örn Erlingsson forstöðumaður íþróttamála og Héðinn Svarfdal Björnsson verkefnastjóri lýðheilsumála kynntu stöðuna á verkefninu Virk efri ár.

Öldungaráð þakkar Ellert og Héðni fyrir kynninguna.
Öldungaráð fagnar metnaðarfullri dagskrá og hvetur íbúa Akureyrar sextíu ára og eldri til að kynna sér og nýta verkefnið.

3. Húsnæðisáætlun Akureyrarbæjar
2019020182

Pétur Ingi Haraldsson skipulagsstjóri kynnti húsnæðisáætlun Akureyrarbæjar.

Öldungaráð þakkar Pétri fyrir kynninguna.
Öldungaráð minnir á mikilvægi þess að horfa til framtíðar í búsetumálum eldra fólks. Eldra fólki fjölgar hratt á næstu árum og nauðsynlegt að huga að fjölbreyttum úrræðum víða um bæinn. Öldungaráð hvetur til þess að tekið verði frá landsvæði sunnan við Hagahverfi fyrir klasa af byggingum þar sem gert er ráð fyrir öllum þjónustustigum fyrir eldra fólk.

4. Öldungaráð - önnur mál
2022100342

Umræða um önnur mál.

Fundi slitið.